

152. stjórnarfundur Nýheima þekkingarseturs

4. 12. 2024 kl. 8:30 – 10:00

Fundur settur kl. 8:30

Fundarstjóri: Ingunn Jónsdóttir

Ritari: Hugrún Harpa Reynisdóttir

Mætt: Ingunn Jónsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Bjarni Guðmundsson, Þórgunnur Torfadóttir, Gunnar Pór Jóhannesson, Sindri Örn Elvarsson, Kristín Vala Þrástardóttir og Hugrún Harpa Reynisdóttir

Fjarverandi: Lind Völundardóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir og Valdís Björg Friðriksdóttir

Stefnumörkun 2025 – 2027

Á haustmánuðum hefur stjórn ásamt forstöðumanni unnið að gerð stefnumörkunar til næstu þriggja ára. Hugrún Harpa fór yfir helstu atriði stefnumörkunar sem byggir á markmiðum og áherslum sem koma fram í skipulagsskrá setursins og samningi þess við háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið (HVIN). Stefnumörkun hefur sama gildistíma og samningur setursins við HVIN. Stefnumörkun er samþykkt.

Stefnuskjöl Nþ

Hugrún Harpa greindi frá vinnu við gerð stefnuskjala sem innihalda gæðastefnu, persónuverndarstefnu og mannauðsstefnu Nþ. Samtök þekkingarsetra á landsbyggðinni hafa unnið sameiginlega að gæðamálum sínum og markað sér stefnu á því sviði, stefnuskjöl Nþ byggja á gæðavinnu samtakanna.

Markmið með stefnuskjöldum Nþ er að tryggja að setrið starfi samkvæmt markmiðum um fagmennsku og ábyrgð á þjónustusviðum sínum og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þess samkvæmt samningum, lögum og reglum. Stjórn hafði fyrir fundinn fengið stefnuskjöl send til yfirferðar og bárust forstöðumanni engar athugasemdir. Stjórn samþykkir stefnuskjöl Nþ.

Starfsáætlun Nþ 2025

Hugrún Harpa fór yfir starfsáætlun komandi árs og helstu breytingar sem verða í starfi setursins með nýum samningum við HVIN og Sveitarfélagið Hornafjörð (SVH). Nýr samningur við HVIN felur í sér hlutverk setursins á sviði háskólapjónustu, nýsköpunar og rannsókna.

Hugrún greindi frá stöðu mála varðandi nýjan verkefnasamning Nþ og SVH. Sá samningur felur í sér áframhaldandi vinnu setursins að verkefnunum HeimaHöfn og Hornafjörður náttúrulega. Hann felur einnig í sér nýtt hlutverk setursins sem snýr að verkefnavinnu á sviði byggðarþróunar í sveitarfélagini. Gert er ráð fyrir heilu stöðugildi verkefnastjóra að verkefnum samningsins og að þau hefjist í janúar. Setrið mun áfram sinna hlutverki byggðarþróunarfulltrúa SASS í 50% starfshlutfalli.

Stjórn samþykkir starfsáætlun.

Rekstraráætlun 2025

Drög að rekstraráætlun Nþ fyrir árið 2025 lágu fyrir fundinum. Hugrún Harpa fór yfir helstu þætti og forsendur rekstraráætlunar. Umræður sköpuðust um einstaka þætti áætlunarinnar og er forstöðumanni falið að uppfæra áætlun í samræmi við ábendingar stjórnar. Uppfærð áætlun verður send stjórn til samþykktar í vikunni.

Endurnýjun samnings við HVIN

Hugrún Harpa fór yfir stöðu á samningagerð við háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytið. Stjórn hafði fengið samningsdrög til yfirferðar fyrir fundinn og samþykkir að forstöðumaður undirriti hann fyrir hönd Nýheima þekkingarseturs. Samningurinn er til þriggja ára og felur í sér hækkan á framlagi ráðuneytisins til Nþ. Stjórn fagnar því að nú verði gengið frá samningi og með honum náðst að tryggja betur grunngerð setursins.

Starfsmannamál

Hugrún Harpa fór yfir stöðu mála varðandi ráðningu verkefnastjóra í stað Kristínar Völu sem mun starfa hjá setrinu í hálfu stöðugildi til 1. febrúar. Nú þegar fjárhagur komandi ára hefur skýrst með nýjum samningum er ljóst að forsenda er til þess að auglýsa lausa til umsóknar ótímabundna stöðu verkefnastjóra við setrið. Forstöðumanni er falið að auglýsa starfið og mun formaður stjórnar koma að ráðningarferlinu með forstöðumanni.

Nýr stjórnarmaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar

Eyrún Helga Ævarsdóttir hefur hætt störfum sem forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og Kristín Vala Prastardóttir tekið við starfinu. Kristín Vala mun taka sæti Eyrúnar í stjórn Nýheima þekkingarseturs. Stjórn þakkar Eyrúnu fyrir samstarfið og býður Kristínu Völu velkomna í stjórn.

Nýr stjórnarmaður Ríki Vatnajökuls

Kristján Sigurður Guðnason hefur látið af formennsku Ríki Vatnajökuls og Valdís Björg tekið við formennsku. Hún mun taka sæti Kristjáns í stjórn Nýheima þekkingarseturs. Stjórn þakkar Kristjáni fyrir samstarfið og býður Valdísí Björg velkomna í stjórn.

Önnur mál

Fundi slitið klukkan 9:45

Ingunn Jóns
Hugrún Reynis